



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 16. nóvember 2023
nr. erindis 2311095 SIS

Á 70. fundi byggðarráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 15. nóvember 2023 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni; Þingsályktunartillaga um Alexandersflugvöll sem varaflugvöll fyrir Keflavíkur-, Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöll

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 10. nóvember 2023 frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis þar sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um Alexandersflugvöll sem varaflugvöll fyrir Keflavíkur-, Reykjavíkur-, Akureyrar-, og Egilsstaðaflugvelli, 127. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist berist eigi síðar en 24. nóvember nk.

Byggðarráð fagnar þingsályktunartillögunni og áréttar að sveitarfélagið Skagafjörður hefur á undanförunum árum lagt mikla áherslu á uppbyggingu Alexandersflugvallar sem varaflugvallar vegna góðra landingarskilyrða og landfræðilegrar legu flugvallarins. Það er óumdeilt að landingarskilyrði á vellinum eru með því besta sem gerist á landinu. Þeir dagar þar sem völlurinn lokar vegna veðurskilyrða eru fátíðir og slíkt myndi heyra til undantekinga með bættum vallarbúnaði. Jafnframt er ljóst að uppbygging vallarins myndi hafa veruleg jákvæð áhrif á ferðaþjónustu á Norðurlandi öllu. Þá má benda á í ljósi mögulegs eldsumbrotatímabils sem gæti varað næstu áratugi á Reykjanesskaga að það er þjóðhagslega mikilvægt og brýnt til að tryggja öryggi í millilandaflugi að bæta aðstæður á Alexandersflugvelli og byggja hann upp sem varaflugvöll. Hann gæti sem slíkur þjónað bæði farþegaflugi og flugfrakt komi upp alvarlegt rof á samgöngur til og frá Keflavíkurflugvelli.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. byggðarráðs Skagafjarðar


Sigfús Ingi Sigfússon
sveitarstjóri